

Skrá 30. Heyannir V

Þjóðháttskráning Þjóðminjasafnsins.

30. spurningaskrá.

Inngangur.

Spurningaskrá um slátt og ljáarakstur m.a. rekur lestina í skrá, sem sendar hafa verið út varðandi heyannir. Má vænta, að ekki verði fleiri spurningaskrár gerðar um þetta efni að sinni, þótt varla sé það fulltæmt. Í spurningaskrá um orf og hrífu, sem út var send 1963, var spurt um nokkur atriði, sem einnig er vikið að í þessari skrá. Ber þar einna helst að nefna spurningar um brýnslu, dengingu og álagningu ljás og hrífu, í teignum eða heima við hús. Þeir, sem svarað hafa fyrrgreindum atriðum í þeirri skrá, geta sneitt hjá þeim, þegar þessari skrá er svarað.

Tvenn þáttaskil hafa orðið í heyrinu á þessari öld. Hin fyrri verða, er hestasláttuvélar, rakstrarvélar og hestvagnar koma til sögunnar. Hin síðari verða, er dráttarvélar (traktorar) með heyrinnutækjum ýmiskonar verða almenningseign. Margt liggur ljóst fyrir um þessa atvinnubyltingu, en þó er óskað eftir því í viðauka við þessa spurningaskrá, að menn geri efninu skil. Þessi bylting gekk ekki hvarvetna jafnt yfir, svo um getur munað jafnvel einum til tveimur áratugum. Frásagnir um það, hver áhrif hún hafði á viðhorf og hugsunarhátt manna og þó alveg sérstaklega á lífskjör, eru mikilsvert framlag í svörum við þessari spurningaskrá.

Sláttur hafinn.

Miðuðu bændur almennt við það að afla ákveðins heymagns til vetrarforða? Var nokkur áætlun gerð um það, hve miklu magni heys ákveðinn fjöldi fólks ætti að koma í garð eða hlöðu um sláttinn í sæmilegri tíð. Var við það miðað m.a. í ráðningu kaupafólks? Lýsið því. Kunna menn að segja frá ráðningu og kjörum kaupafólks miðað við eldri og yngri tíma? Var almennt farið rólega af stað með sláttinn? Var sláttur almennt greindur í tvö tímabil, túnaslátt og engjaslátt? Lýsið fyrsta slætti heima við hús eða bæi.

Hve snemma að morgni var gengið út að slætti og hve snemma hætt að kvöldi? Var slætti hætt fyrir á laugardagskvöldum en önnur kvöld vikunnar?

Slægja.

Var orðið slægja notað um gras á túni og engi? Greinið frá þeim orðum, sem notuð voru um slægju eftir þéttleika grass og hæð (góð, sæmileg, léleg, vond slægja, kafagras, sibreiða, loðið, rôtarslægja, þarf ekki að raka að flekk, fellur vel á teig, flekkjar sig, liggur á hálfum teig, ljáfyllir, ljáfyllingur, rægja, ræpingur, sneggja, snöggt, nauðsnöggt, sætist vel upp (o.s.frv.)). Var orðið óslægja (eða annað) notað um óslegið land? Hvað nefndist jaðar á óslegnu landi, þar sem það mætti slegnu landi (mön eða annað)? Hvað nefndist það, er búið var að slá tún og engi (allt slegið upp, slegnir allir teigar, teigslegið, hvert strá slegið o.s. frv.)

Gengið að slætti.

Á þessari öld koma til sögunnar hugtökin orfaslægja annarsvegjar og véltækt land hins vegar. Í spurningum hér á eftir er miðað við slátt með orfi og ljá að gömlum vana. Hvað nefndist verkið sjálf (ganga að slætti, standa á hreytunni, o.s.frv.)? Lýsið slætti á mismunandi slægjulandi, a) sléttu, b) landi milli sléttu og þýfis (greiðfæru), c) þýfi. Greinið á hvern hátt þetta gerði mismunandi kröfur til sláttumannsins varðandi aðferðina að slá. Var slegið í samfelldum spildum hvarvetna, þar sem hægt var að koma því við?

Hvað nefndist eitt ljáfar (högg t.d.)? Hvað nefndist samfelld, bein röð ljáfara (skári, skæri, t.d.)? Var gerður greinarmunur á því ef röðin var aðeins ein eða ef önnur lá á mótinu henni samhliða (hálfskæri, heilskæri)? Hvað nefndist það, ef sláttumaður sló þannig hvorn skárann á

móti öðrum á sléttu engi, (skárasláttur, múgasláttur, að slá úr og í, t.d.)? Hvað var ráðandi venja? Stillti sláttumaður svo til við slátt í túni, að hann sló grasið út með orfhælnum jafnótt og það féll af ljánum? Hvað nefndist það (að róta úr höggi, t.d.)?

Hvað nefndist það, ef sláttumenn röðuðu sér á slægju og slógu hver á eftir öðrum (þrælasláttur t.d.)? Þekktist kappsláttur með þeim eða öðrum hætti? Nefndist það nokkuð, ef slegið var svo, að einn sláttumaður stóð eftir á óslegnum bletti (að hólma, hólmaskítur t.d.)? Gat "hólmskítur" með einhverju móti leyst sig frá hólmanum eða vansæmdinni? Hvað nefndist það, ef slegið var framúr sláttumanni (að lenda í letiskotti, t.d.)?

Sláttulag.

Lýsið sláttulagi manna. Voru mismunandi nöfn höfð um það? Voru mismunandi nöfn um slátt eftir því hve hægt eða hratt var gengið að verki (hjakka, kroppa, krukka, slá, o.s.frv.)? Var talað um það, að sláttumenn legðu sig vel eða illa eftir ljánum? Hvað felst í því? Voru sérstök orð um sláttupreytu (slátturígur, slá í sig sláttutak, o.s.frv.)?

Hvað nefndist það, er ljár var hafður mjög niðurlagður og sláttur gekk nærri rót (að nauðslá, t.d.)? Hvað nefndist það, ef sláttumaður sló svo niður í rót, að torfa (svörður) hrökk úr höggi (ljámús t.d.)? Var að því fundið á einhvern veg? Hvað nefndist það, ef slegnir voru bestu blettir hér og þar úr slægju (gluggasláttur, að slá í gluggum, hólma úr, slá hlandkollubletti o.s.frv.)? Hvað nefndist það, ef ljárinn var ekki látinn ganga nærri rót í slætti (að slá til heys og haga, hjóma, loðslá t.d.)? Nefndist það nokkuð, ef óslegnir grastoppar voru hér og þar á slegnu engi?

Segið frá afköstum sláttumanna, m.a. miðað við ákveðna stærð vallar, er þeir slógu á degi, og magn (kapla-eða sátutal heys), er þeir gátu slegið á degi. Voru ákveðin orð notuð um sláttumenn til hróss eða lasts (sláttuskussi, t.d.)?

Þekktist það, að konur gengju að slætti með körlum? Varð það nokkur tíma algengt, og þá á hvaða árum? Þekkjja menn dæmi um afköst kvenna við slátt? Voru orf smíðuð sérstaklega fyrir konur? Hvenær byrjuðu börn og unglingar að jafnaði að slá með orfi? Voru orf smíðuð við hæfi þeirra?

Aðstæður við slátt.

Á margbýlisjörðum, þar sem slægjulandi í túnum og á engjum var skipt niður í skákir og teiga, þurfti að marka skil milli slægna, áður en slegið var. Hvernig var það gert (höggvið í mark, t.d.)? Lýsið því. Lýsið slætti á laufengi (víðir). Var þar notaður venjulegur sláttuljár? Lýsið sérstaklega slætti í vatni. Hvernig var sá sláttur frábrugðinn slætti á þurru landi? Var sælst til að slá vatnagróður í álandsvindi? Hvernig var unnið að því að koma ljánni upp á þerrivöll? Segið frá aðstæðum sláttar í túni eða á engjum miðað við það, hvort þurrt var eða rakt í rót. Reyndu menn að nota rekju til sláttar, m.a. með því að slá að nóttu, en taka sér sláttuhvöld um hádaginn? Var farið um þetta ákveðnum orðum. Lýsið þessu.

Brýnsla, denging, álagning ljás.

Lýsið brýnslu sláttumanna á ljánum. Segið frá ljábrýnum og einstökum tegundum ljábrýna. Vita menn dæmi þess, að íslenskt berg hafi verið notað í brýni? Klufu menn innflutt brýni niður? Hvernig? Sættu brýni nokkurri sérstakri meðferð til þess betur biti undan þeim? Eru dæmi þess, að sláttumenn hefðu sérstakan brýnisstokk með vatni hjá sér í slægjunni? Hvar geymdu menn brýnið milli nota í slægjunni? Var talað um það, að mönnum biti vel eða illa og einhverjar vissar skoðanir um orsakir þess? Nefndist tíminn milli þess, að sláttumaður brýndi ljá sinn og til þess hann brýndi næsta sinn einbrýna (eða annað)? Var stundum miðað við þetta sem tímalengd (að slá nokkrar brýnur, t.d.)? Var börnum eða unglingum jafnan kennt að standa að brýnslu á réttan hátt um leið og þau byrjuðu að slá? Var lögð á það áhersla að fara aldrei frá óbrýndum ljá á teig? Hvað lá við ef útaf var brugðið? Hvernig skildu sláttumenn við

orf og ljá, er gengið var t.d. til matar? Hvernig var skilið við orf og ljá að kvöldi? Var algengt að dengja ljái í stað þess að brýna þá? Lýsið dengingaráhöldum (steðja og ljáklöppu). Voru þetta stundum heimasníðaðir hlutir? Lýsið dengingu. Hvar var að henni unnið? Var vandhæfi á því að dengja ljá til bits. Lýsið álagningu ljás. Var ljárinn brýndur að kvöldi eða morgni? Var hverfisstokkur e.t.v. borinn með sér í teiginn til hægðarauka? Hvenær er byrjað að smíða fótstig á hverfistokka? Var jafnan haft vatn á hverfissteininum? Voru hverfissteinar misjafnlega fallnir til að gefa gott bit eftir tegundum?

Gengið á ljáteig.

Hvað nefndist starf kvenna, sem gengu að heyvinnu um slátt (að ganga á teig, t.d.). Var talað um það, að kona gengi á teig milli mála, er hún var heima við morgunmjaltir og kvöldmjaltir (málaverk)?

Var orðið ljá yfirleitt notað um grasið, sem féll að ljánum og ekki var búið að breiða á? Hvað nefndist verkið við að breiða á ljánni (ljárakstur, breiða á, raka ljá, raka í flekki, flekkja o.s.frv.)? Hlaut kona, sem að þessu vann, heiti eftir starfi (rakstarkona t.d.)? Var þetta nær eingöngu verk kvenna? Lýsið verki og þá við mismunandi aðstæður (á túni, á útengi, t.d.). Hvað nefndist hvert umfar í rakstri heys í flekk (hrífudráttur, t.d.)? Var e.t.v. miðað við það, hve margir hrífudrættir voru að flekki, er talað var um sprettu á engi? Greinið frá mismunandi nöfnum á flekkjum, m.a. miðað við stærð (sátuflekkur, svunta, skeini, penta, t.d.).

Var um það talað, að væntanlegur eiginmaður ógífrar stúlku ætti að fara eftir því, hversu hún breiddi vel á ljánni?

Var einni rakstarkonu ætlað visst dagsverk á teig (raka eftir einum, tveimur sláttumönnum í túni, t.d.)? Hvernig var það á útengi?

Voru ákveðin orð höfð um það, er rakstarkona rakaði að hælum sláttumanns á teignum (raka upp í rass, skeina, gelda, t.d.)?

Var talað um það, að kona væri ljásjúk, er hún þoldi illa að eiga mikla ljá órakaða á teig?

Þekktist nokkur trú með laugardagsljá (að hún hrekkist ekki, t.d.)?

Voru dæmi þess í rosatíð, að hey væri látið bíða í ljámúgum, þar til gerðist uppstytulegt eða þerrilegt?

Þekktist nokkur trú um það, ef vinnukona braut hrífu sína við verk (að brjóta sig úr vistinni, t.d.)? Var sambærileg trú um það, ef sláttumaður braut orf sitt?

Hey á teigum.

Greinið frá því, hvaða orðum var farið um hey, sem beið skemmri eða lengri tíma á teigum eftir þurrki (hey breytir lit, bliknar, hrekkst, verður hrakningur, o.s.frv.). Hvernig var talað um það, þegar hey þornaði nýslegið (þornar af ljánum, hirt af ljánum, t.d.).

Inniteppudagur.

Lýsið slætti við mismunandi aðstæður hvað veðri viðkom. Var algengt að menn stæðu við slátt í óveðri? Hvað nefndist það, er heyvinnufólk komst ekki að verki daglangt sökum veðurs (inniteppudagur, innisetudagur, t.d.)?

Veðrið.

Veðrið hefur jafnan haft mikil áhrif á störf manna við slátt og á heyfeng. Menn eru beðnir að lýsa því, hversu hugsað var og talað um veður í sambandi við heystörf. Hvernig var talað um veður að því er tók til aðstæðna við orfaslátt? Hvernig var talað um veður að því, er tók til aðstæðna við ljárakstur? Hvernig var talað um veður í sambandi við óþerri um slátt, er hey tók að blikna á teigum? Hvernig var talað um veður, er líkindi voru til þurrks og taka fór af heyi til snúnings? Mikilsvert er að fá dæmi varðandi þetta. Annað þýðingarmikið atriði er

veðurspár manna í sambandi við slátt og heystörf. Hvernig spáðu menn fyrir um rosa eða þerri af útliti lofts, hvernig af háttum dýra, fugla eða annars lífs, hvernig af draumum sínum? Voru nokkrir, sem spáðu fyrir um veður af t.d. skyrsafni í sánum? Áður hefur verið spurt um rosabletti og þerribletti í slægjum, en höfðu menn nokkur ráð til að breyta veðri sér í vil?

Sláttuvélar.

Hvenær kom fyrsta hestasláttuvélin í byggðina? Segið frá dómum manna og áliti um fyrstu hestasláttuvélnar. Áttu tveir eða fleiri bændur saman fyrstu sláttuvélnar? Segið frá starfi manna við að gera engjalönd sín véltæk. Hvenær komu fyrstu rakstartækin, sem tengd voru við hestasláttuvélar á útengi? Voru til mismunandi gerðir þeirra? Voru þau yfirleitt heimagerð? Hvenær lagðist notkun hestasláttuvéla niður? Hvenær kom fyrsta rakstrarvélin í sveitina?

Lýsið þeirri þróun, sem orðið hefur frá heyvinnuvélum til nútíma heyvinnu ef tók eru á. Getið þess sérstaklega ef þess þekkjast enn dæmi, að menn bregði fyrir sig að vinna að heyskap með hinum gömlu tækjum.

Sagnir og annað sem efnið varðar.

Óteljandi eru þau smáatriði, sem hægt væri að spyrja um, og auk þess ærið mörg, sem okkur brestur einfaldlega kunnugleika til að spyrja um. Það er því ósk okkar, að þið bætið við hverju því atriði, sem ykkur kemur í hug í þessu sambandi, hversu lítilfjörlegt sem ykkur kann að þykja það. Það er aldrei að vita, nema slíkt geti leitt okkur á nýtt spor.

Þá er einkar gaman að fá smásögur t.d. um einstaka afreksmenn og konur á sviði heyskapar, hvort sem þær eru dagsannar eða færðar ofurlítið í stílinn. Nokkrar slíkar sögur eru t.d. kunnar af Magnúsi sálarháská, en margar munu þó aldrei hafa verið skráðar. En frásagnir hljóta að vera til um fleira dugnaðarfólk, þótt ekki séu á sömu bókina lærðar. Allar þjóðsagnir varðandi slátt, rakstur og heyskap yfirleitt væru ennfremur vel þegnar.